

Nr. 18-083 S 058 Skróður Viðeyjarferja**Tók niðri við Akurey**

Skipaskr.nr. 1919
 Útgerð: Elding Hvalaskoðun Reykjavík ehf
 Smíðaður: Noregi 1979, ál.
 Stærð: 34,81 brl. 33,00 bt.
 Mesta lengd: 16,52 m Skráð lengd: 15,12 m
 Breidd: 4,80 m Dýpt: 2,12 m
 Vél: 2 x Bens, 744 kw, 1979.
 Fjöldi skipverja: 2
 Fjöldi farþega: 3



Skrúður©Hilmar Snorrason

Gögn:
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 1. febrúar 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 22. maí 2018 var Skróður í fuglaskoðunarferð við Akurey. Veður: SV 4-6 m/s. Fjara kl. 06:05, flóð kl. 12:22. Sjávarfallamunur 2,1 m. Djúprista: 2,1 m.

Skrúður fór úr höfn í Reykjavík um kl. 08:00 og sigldi að Akurey. Um kl. 08:30 tók skipið niðri á ca. stað 64°10'314N og 021°57'929V sem er suður af eyinni (sjá mynd). Skipið losnaði strax og því siglt undir eigin vélarafli til hafnar.



Rauða örín sýnir staðinn við Akurey

Við rannsókn kom fram:

- að hann var með stefnið að landi og var að bakka rólega frá því þegar vindur tók bátinn og snéri honum með þeim afleiðingum að skrúfurnar tóku niðri;
- að þegar skipið tók niðri drap skipstjóri á báðum vélum skipsins en þá höfðu skrúfurnar nartað í botninn;
- að fram kom hjá skipstjóra að hann kallaði á aðstoð og kom slöngubátur frá útgerðinni sem kom á staðinn en þá hafði skipið losnað án þess að nokkuð væri að gert;
- að enginn leki kom að skipinu og var því siglt til hafnar í Reykjavík á hægri ferð;
- að við skoðun kom í ljós að báðar skrúfur voru skemmdar.

Nefndarálit:

Orsök þess að skipið tók niðri var vanmat á aðstæðum.